


LÍFSSTÍLL

MÁNUDAGUR 16. DESEMBER 2019

Lífsstíll



Engill Bjartur Einisson hefur gefið út tvær ljóðabækur og skáldsaga er á leiðinni. Hann segir trúna veita innblástur fyrir ljóðagerðina FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fólk hélt til að byrja með að ég væri trúboði

Engill Bjartur Einisson er 21 árs ljóðskáld sem nýverið gaf út aðra ljóðabók sína, Ljóðgæti. Sú fyrri, Vígsla, kom út fyrir ári. Engill Bjartur segir að skáldgáfan hafi alltaf blundað í honum og 16 ára fór hann að yrkja. ➔2

* Bættu smá
jólagleði *
* í pakkana! *



Ný Happaprenna er komin
á sölustaði um allt land.





Engill Bjartur vill lyfta fólki upp úr neikvæðninni og dreifa jákvæðni. Þess vegna yrkir hann eingöngu jákvæð ljóð.
FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN

Það er svipað stílbragð á báðum ljóðabókum Engils Bjarts en fyrri bókin Vígsla inniheldur þó meira af háttbundnum ljóðum. „Í Ljóðgæti yrkir ég í nýstárlegri háttum. Að mínu mati eru bækkurnar jafn góðar en það er auðvitað smekksatriði hvaða bragarháttur höfðar til fólks,“ segir Engill Bjartur.

Ljóð Engils Bjarts eru í bundnu máli en hann segist sjálfur vera meira gefinn fyrir slík ljóð. „Bundin ljóð hafa ekki verið í tísku undanfarna áratugi, en Íslendingar hafa smátt og smátt verið að enduruppgefta ást sína á afþreyingarefni fyrri alda og dustað rykið af þjóðarverðmætum sem dattu tímabundið úr tísku.“

Fólk sem Engill Bjartur hefur talað við er mjög jákvætt gagnvart stíl hans og segist hann hafa selt mjög margar bækur út á það að yrkja í bundnu máli. Hann gekk í hús og niður Laugavegin til að selja Vígslu í fyrri og stefnir á að gera slíkt hið sama með Ljóðgæti sem hann hefur fram að þessu aðallega selt á samfélagsmiðlum.

„Viðtökurnar við Vígslu hafa verið framar mínum björtustu vonum. Flestir halda að ég sé trúboði þegar ég kný á dyr en fólki léttir svo þegar ég kynni mig sem Engil Bjart, eitt yngsta starfandi ljóðskáld landsins.“

Yrkir eingöngu jákvæð ljóð

Áður hét Engill Bjartur Guðmundur Bjartur. Hann breytti nafninu sínu í þjóðskrá áður en Vígsla kom út. Hann segir að breytingin hafi verið eins konar táknræn vígsla fyrir sig inn á ritvöllinn. „Það er alengt að listamenn hafi stytta, breytt eða bætt við nöfn sín. Eins og Herra Hnetusmjör, Jói Pé og Króli, Einar Ben og Halldór Laxness sem tók upp nafnið Kiljan. Þetta er allt fólk sem ég lít mjög upp til,“ segir Engill Bjartur.

„Að hluta var ástæðan fyrir nafnbreytingunni sú að auka árangur minn á rithöfundbrautinni. Að fólk myndi betur eftir mér. En nafnið Engill er líka valið út af jákvæðu eðli orðsins. Eitt aðalmarkmið mitt sem rithöfundar er að boda fagnadarerindi

hins bundna ljóðs. Sem ljóðskáld vil ég gleðja lesendur mína, lyfta fólki upp úr neikvæðninni og dreifa jákvæðni. Þess vegna yrkir ég eingöngu jákvæð ljóð. Við erum gegnsýrd af alls konar neikvæðum upplýsingum daglega og ég vil að ljóðin mín séu mótefni við því.“


Engill Bjartur segist vera trúaður og að trúin veiti honum innblástur við skrifin. Hann vill þó ekki skilgreina sig innan ákveðinnar trúar. „Ég trú á elskandi æðri mátt, sumir kalla hann Guð, aðrir alheiminn eða upphafið. Ég er afar andlegur maður, ef ég umörða fyrstu tvær línurnar í einræðum Starkaðar eftir Einar Ben lýsa þær trú minni vel: Ég trú á eina alveldissál, um andann sem gjörir hugmynd að ljóði.“

Ást við fyrstu sýn

Ljóð Engils Bjarts fjalla mörg um ástina, hann yrkir einnig um hamingjuna, fegurðina, dulúð og von. Hann segir að skáldagáfan hafi blundað með honum frá barnæsku en hann byrjaði þó ekki að yrkja fyrr en hann var 16 ára. „Þá uppgeftvaði ég ást mína á ljóðlistinni. Þetta var ást við fyrstu sýn. Hver einasta fruma í líkama mínum vaknaði og hver einasta arða sálar minnar steig sæludans. Því betur sem ég kynntist ljóðlistinni, því ástfangnari varð ég af henni. Fyrst orti ég ferskeytlur, svo lengri ljóð, og svo ljóð af öllum lengdum og öllum gerðum.“

Engill Bjartur skrifar þó ekki eingöngu ljóð, hann vinnur nú að sinni fyrstu skáldsögu sem stefnan er að komi út að ári. „Hún er vel á veg komin. Sagan ber nafnið Sannleikur og lygi og fjallar um kostulegan ungling sem

gengur ekki alveg heill til skógar. Sögusviðið er Ísland og Bandaríkin og Frímúrarareglan kemur talsvert við sögu.“ Engill Bjartur segir að ástæða þess að Frímúrarareglan gegni mikilvægu hlutverki



í sögunni sé að leynd reglunnar vekir áhuga hans. „Þetta er spennusaga með dulúdarblæ og mér fannst þá tilvalið að nota Frímúrararegluna sem innblástur. Hún er eitt hvað sem margir hafa áhuga á en vita kannski ekkert mikið um.“

Prátt fyrir að Engill Bjartur eyði miklum tíma í ritstörf þessa stundina segir hann að það sé þó ekki það eina sem fangi huga hans. Hann hefur mikinn áhuga á tungumálum, fjallgöngum, hugleiðslu og viðskiptum. „Einn af stærstu draumum mínum er að fara í viðskiptanam til Bandaríkjanna og stofna fyrirtæki. En eins og sakir standa eru ritstörf þungamiðjan í starfi mínu.“

Óskaskrín

Ég hef þekkt þig í tvo tíma og vongóður er ég víst. En það gerir ekkert til, því ég hef ort um væntingar um margfalt árabíl.

Ég hef þekkt þig í sjö daga en samt ég þrái það að baða mig í ljósi þínu, þó ei væri nema í dag. Það er eitthvað við þig. Þú geislar eins og sól. Þú ert eins og draumur hvern barnssálar um jól.

Ég hef þekkt þig í einn mánuð. Þú lýsir eins og dagur, eins og lampi um miðja nótt.

Þú ert galdralampinn sem ég strauk og dyrum minna drauma aflæsti og upp lauk.

Ég hef þekkt þig í eitt ár. Og enn yrkir ég til þín: til tveggja tíma dæmu, eins viku, eins mánaðar, eins árs konunnar sömu, hvernar sögu' ég tjáð heffyr.

Ég hef þekkt þig alla ævi. En ég veit ei hver þú ert. Ég þakka æðri forsjón því hún hefur bænheyrt mig og sent mér fallett óskaskrín, fullt af leyndardómum.

Ég góni á óskaskríninni. Hvað það geymir veit ég ei. En ég veit að það er gjöf í gullnum sálarpappír, með einlægt bros á vör og tár á báðum vöngum, til marks um ylhýrt hjarta.

Já, ég krýp á kné mér og veggja þann mátt sem hefur sent mér óskaskrín og sagt: „Þú opna mátti!“

Costco-varið

Costco vort, þú sem ert í Kaupþúni. Helgist þitt verð, tilkomi þitt úrval, verði þín markaðshlutdeild svo í Garðabæ sem og í fleiri bæjum. Gef oss í dag vort billega bensín. Fyrirgef oss vora eyðslu, svo sem vér og fyrirgefum Krónunni og Bónus. Og eigi leið þú oss í fákeppni, heldur frelsa oss frá Högum. Því þitt er verðið, úrvalið og dýrðin að eilífu.

Costco.

Engill Bjartur Einisson
Úr bókinni Ljóðgæti

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652. Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657. Jón Ivar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654. Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656. Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlína

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum



Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Aukin mýkt við ökkla



GoreTex filma, 100% vatnsvörn

Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökkla

2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm ektá ítalskt Nubuck leður

Dempun

Custom fit innlegg

IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann

Vibram sóli

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

kvenna/herra

AKU SUPERALP GTX 39.990 kr. STÆRÐIR 35-48

Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir. Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.

Hafðu (AKU) með í valinu



Léttir gönguskór / herra/kvenna

**AKU TRIBUTE GTX
27.990 kr.**



Borgarskór / kvenna

**AKU RIVA HIGH GTX
27.990 kr.**



Gönguskór með góðan stuðning herra/kvenna

**AKU ALTERRA GTX
35.990 kr.**



Fjölhæfir gönguskór herra/kvenna

**AKU TENGU LOW GTX
29.990 kr.**



Léttir göngu-/ hlaupaskór / herra

**AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.**



Léttir göngu-/ hlaupaskór / kvenna

**AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.**



Lágir gönguskór/borgarskór / herra

**AKU CLIMATICA GTX
28.990 kr.**



Lágir gönguskór/borgarskór / kvenna

**AKU CLIMATICA SUEDE GTX
26.990 kr.**

Smíðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is

GG-sport



Opnunartími: virka daga 10.00 - 18.00, laugardag 11.00 - 17.00, sunnudag 11.00 - 16.00



„Finndu okkur á Facebook“



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að nýju deiliskipulagi og tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Háaleitisbraut 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. nóvember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 28. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Háaleitisbraut. Í tillögunni felst að bætt verður við tveimur nýjum byggingarreitum á lóð Háaleitisbrautar 1 auk þess sem heimilt verður að stækka hús Veitna við Bolholt 5. Næst Kringlumýrarbraut verður heimilt að reisa fimm hæða skrifstofubyggingu með bílakjallara. Á horni Skipholts og Bolholts verður heimilt að reisa sex hæða íbúðarhús með bílakjallara ásamt þjónustu- og verslunarrými á 1. hæð. Bílastæðum fjölga og verður hluti þeirra í bílakjallara. Byggingarmagn og nýtingarhlutfall hækkar á báðum lóðum sem þessu nemur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Laugavegur, Bolholt, Skipholt

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir reit sem afmarkast af Laugavegi til norðurs, Bolholti til austurs, Skipholti til suðurs og Laugavegi 174 og Skipholti 31 til vesturs. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á lóðinni Laugavegur 176 vegna fyrirhugaðs hótels, en aðrar lóðir á skipulagsreitnum verða skilgreindar sem óbreyttar lóðir þar sem núverandi ástand er óbreytt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hlemmur, reitur 1.240.0

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Hlemmur. Skipulagið felur í sér endurskipulagningu svæðisins fyrir forgangsakreinar hágæða almenningssamgangna, ný gatnamót við Snorrabraut/Bríetartún, nýtt torg og göngugötur, afmörkun byggingarreis fyrir flutningshúsið Norðurlpól og ný létt mannvirki fyrir verslun og þjónustu og ný afmörkun deiliskipulagsreita á svæðinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reitur 1.240.0, Snorrabraut - Hlemmur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Snorrabraut - Hlemmur. Göturiturinn afmarkast af Hverfisgötu, Hlemm, Laugavegi og Snorrabraut. Vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni - umferðarskipulag og stækkun, er gerð tillaga að afmörkun nýs deiliskipulagi fyrir Snorrabraut - Hlemm. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Reitur 1.240.2, Bankareitur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.2, Bankareitur. Í breytingunni felst að minnka afmörkun gildandi deiliskipulags svo að það nái eingöngu utan um lóðina við Laugaveg nr. 120. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Starmýri 2

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 20. nóvember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 28. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Safamýri/Álftamýri vegna lóðar nr. 2 við Starmýri. Í breytingunni felst að hækka hús nr. 2a um tvær hæðir frá núverandi ástandi og bæta við byggingarreit til vesturs fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi sem snýr að Álftamýri. Breytingin gerir ráð fyrir að á lóðinni verði heimild fyrir íbúðir, verslunar- og þjónustustarfsemi og aðra atvinnustarfsemi sem samræmast notkunarskilgreiningum í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Auk þess er gert ráð fyrir breytingum á lóð og nýjum bílastæðaskilmálum í samræmi við áherslur Aðalskipulags. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reykjavíkurlflugvöllur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurlflugvallar. Í breytingunni felst breyting á deiliskipulagsmörkum og færslu á flugvallargirðingu til austurs til móts við Nauthólsvík, vegna aðkomutengingar við Fossvogsbrú. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Nauthólsvík

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna aðkomutengingar við fyrirhugaða Fossvogsbrú á um 350 m kafla nýrrar tveggja akreinar akbrautar fyrir almenningssamgöngur sem fellur innan deiliskipulagsins. Kaflinn er hluti af stærri framkvæmd sem er brú yfir Fossvog fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur. Samhlíða breytingunni eru gerðar nokkrar fleiri breytingar á skipulaginu og það uppfært miðað við núverandi ástand. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ingólfsstræti 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Ingólfsstræti. Í breytingunni felst að heimila stækkun á inndreginni efstu hæð hússins og nýjan inngang frá Skúlagötu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 29. janúar 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 16. desember 2019
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðulljóskrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnslæðning, panill, pallalæfni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nykomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Upplhjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S. 564-6500



GEFÐU HÆNU

gjoefsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Markaðurinn er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífð.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook